

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Þjóðólfshaga 1, íbúðarbyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. febrúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. janúar 2024.

Í breytingunni felst að 30 ha frístundabyggð (F11) og 8 ha landbúnaðarsvæði í landi Þjóðólfshaga 1 er breytt í íbúðarbyggð (ÍB31) með allt að 35 lóðum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. febrúar 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 7. mars 2024